

## Reglur um framkvæmd ársfundar Frjálsa lífeyrissjóðsins

Tilgangur reglna þessa er að skýra nánar þætti sem varða framkvæmd ársfundar og ekki er kveðið á um í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum sjóðsins, sem eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins, er m.a. kveðið á um boðun ársfundar, hverjir eiga rétt á setu á ársfundi, hvað ræður atkvæðamagni, heimildir til að gefa umboð og framboðsfrest í stjórn sjóðsins.

### ***Þátttaka sjóðfélaga á ársfundi***

1. Óski sjóðfélagar eftir að bera upp mál eða tillögur á fundinum og styðjast við glærukynningar eða sambærilegt efni, skal slíkt stuðningsefni sent framkvæmdastjóra sjóðsins rafrænt með góðum fyrirvara og ekki síðar en fimm virkum dögum fyrir ársfund.
2. Kjósi sjóðfélagi að veita öðrum einstaklingi umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn á ársfundi er gerð sú krafa að afhent sé frumrit eða afrit af skriflegu umboði, sem hefur verið vottað af tveimur vitundarvottum og bundið við tilgreindan fund. Til þess er mælt að notast sé við form sjóðsins að umboði, sem finna má á vefsíðu sjóðsins.
3. Gerð er krafa um að sjóðfélagi sanni á sér deili með skilríkjum sem hefur að geyma nafn, kennitölu og mynd, svo sem útgefnu ökuskríteini, vegabréfi eða greiðslukorti. Geti starfsmenn sem sinna framkvæmd ársfundar sjálfir staðfest deili á sjóðfélaga er heimilt að hverfa frá framangreindri kröfu.
4. Ekki er heimilt að greiða atkvæði áður en dagskrárliður þess efnis er tekinn fyrir.

### ***Framboð til stjórnar og stjórnarkjör***

5. Í samræmi við samþykktir Frjálsa skal framboð til stjórnar tilkynnt sjóðnum með sannanlegum hætti a.m.k. 14 dögum fyrir ársfund. Framboð skulu berast rafrænt á netfangið [arsfundur@frjalsi.is](mailto:arsfundur@frjalsi.is).
6. Frambjóðendum til stjórnar er óheimilt að vera með áróður á kjörstað. Frambjóðendur fá 3 mínútur til að flytja framboðsræðu á fundinum í samræmi við auglýsta dagskrá. Ekki er heimilt að vera með glærukynningar eða sambærilegt efni en allir frambjóðendur fá senda staðlaða glæru þar sem veittur er kostur á að fylla inn nánar tilgreindar upplýsingar. Frambjóðendum skal veitt tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um framboð sitt með þeim hætti sem þeir kjósa fyrir fundinn, sem skal sett fram í rafrænu pdf-skjali og birt á vefsíðu sjóðsins.
7. Fjallað er um hæfisskilyrði til setu í stjórnnum lífeyrissjóða í 31. gr. laga nr. 129/1997. Frambjóðendur til stjórnar skulu fylla út eyðublað sem er að finna á vefsíðu sjóðsins, [frjalsi.is/arsfundur](http://frjalsi.is/arsfundur). Ásamt eyðublaði ber frambjóðendum að skila inn afriti af sakavottorði, yfirliti um núverandi stjórnarþátttöku og búsföræðisvottorði. Yfirlit um stjórnarþátttöku má nálgast hjá Fyrirtækjaskrá. Búsföræðisvottorð má afla hjá héraðsdómstóli í því umdæmi þar sem frambjóðandi á lögheimili. Framangreind fylgigögn skulu ekki vera eldri en fjögurra vikna þegar þau berast.
8. Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef sjóðfélagi kys einn frambjóðanda fara öll atkvæði sjóðfélaga til þess frambjóðanda. Ef merkt er við tvo eða fleiri fá þeir öll atkvæði sjóðfélagans.
9. Stjórn skal skipuð minnst þremur af hvoru kyni og skal varastjórn skipuð minnst einum af hvoru kyni. Stjórnarkjör ræðst af hlutfalli kynja í stjórn og skal laust sæti skipað því kyni sem flest atkvæði fær miðað við samsetningu stjórnar hverju sinni.

Samþykkt af stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins þann 8. júní 2020